

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Stuttárbotnar – Kiðárbotnar 62, óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi Stuttárbotna í landi Húsafells III, á fundi sínum 30. apríl 2026. Breytingin tekur til lóðarinnar Kiðárbotnar 62 þar sem lóðin stækkar úr 1.250 m<sup>2</sup> í 1.405 m<sup>2</sup> þar sem hún lengist til norðurs um allt að 10 m og austurs um 2 m. Til vesturs styttist lóðin um allt að 10 m. Auk þess er byggingarreitur stækkaður um 10 m til norðurs og 2 m til austurs. Breytingin er ekki í ósamræmi við þá byggð sem fyrir er t.d. hvað varðar notkun, nýtingarhlutfall, útlit og form svæðis. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Borgarbyggð, 4. maí 2026.*

F.h. skipulagsfulltrúa,  
**Ásgerður Hafsteinsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B deild - Útgáfudagur: 19. maí 2026